

Safnað fyrir vatni

Ferlingarbörn um land allt hafa síðustu tvo daga verið að ganga í hús til að safna fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Söfnunin þetta árið er sú 21. í röðinni. Frá árinu 1998 hafa ferlingarbörn safnað yfir 100 milljónum króna til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar.

Með því að ganga í hús í þessum tilgangi fá ferlingarbörnin tækifæri til að láta til sín taka og gefa Íslendingum tækifæri til að leggja sitt af mörkum til aðstoðar þeim sem ekki hafa aðgang að hreinu vatni.

Síðdegis í dag, 31. október, nánar tiltekið frá 17.00-19.00, verða siglfirsk ferlingarbörn vetrarins á ferðinni með söfnunarbauka.

Mynd: Fengin af Netinu.

Texti: Sigurður Ágísson | sae@sae.is.